

Nd.

## 232. Frumvarp til laga

[2. mál]

um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Lögreglustjórar og í Reykjavík borgarfélagi skulu, hver í sínu lögsagnarumdæmi, annast skráningu atvinnurekstrar, sem skylt er eða heimilt að skrá hér á landi. Skráningarstjóri merkir í lögum þessum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða borgarfélaginn í Reykjavík.

##### 2. gr.

Halda skal hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrár samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrár skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur nánari reglur um skrár þær, sem í 1. málsg. getur.

##### 3. gr.

Skráningarstjóri birtir í Lögbirtingablaði tilkynningar, er ritaðar hafa verið á skrár þær, sem getur í 1. málsg. 2. gr. Ef eigi er á annan veg mælt í lögum, skal tilkynning öll birt, en eigi fylgiskjöl hennar.

Birta skal við árslok hver í B-deild Stjórnartíðinda skrá um allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

##### 4. gr.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi fram farið, og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

### II. KAFLI

#### Skráningarskylda og skráningarheimild.

##### 5. gr.

Félög, heimilisföst hér á landi, eru skráningarskyld, eins og hér segir:

A. Hlutafélög.

B. Samvinnufélög.

C. Önnur félög, ef þau reka eftirgreinda starfsemi:

1. Verzlun, þar með talda sölu fasteigna, skipa, loftfara og bifreiða, umboðsverzlun, forlagsverzlun, tilboðasöfnun og pöntunarstarf.
2. Lyfjasölu.
3. Bankastarf, sparisjóðsstarf, sölu gjaldmiðils eða verðbréfa.
4. Vátryggingar.
5. Útgerð skipa, 100 rúmlesta og stærri.
6. Iðju.
7. Handiðnað.
8. Veitingar og gistihússrekstur.
9. Námagróft.

10. Mannvirkjagerð.
11. Framleiðslu og sölu orku.
12. Flutning fólks, muna og orðsendinga.
13. Rekstur kvikmyndahúss, hringleikhúss og fjölleikahúss.
14. Miðlarastarf, að því er tekur til atvinnugreina þeirra, sem getur í 1.—13. tl.

Heimilt er félögum, sem reka aðra viðskiptastarfsemi en þá, er í C-lið 1. málsg. getur, að láta skrá firma sitt.

#### 6. gr.

Þegar einstaklingur rekur atvinnu, sem getur í C-lið 1. málsg. 5. gr., skal skrá firma hans, ef atvinnan er rekin undir sérstöku heiti öðru en nafni eiganda eingöngu.

Einstaklingi, er rekur atvinnu samkvæmt C-lið 1. málsg. 5. gr., er jafnan heimilt að láta skrá firma sitt.

#### 7. gr.

Nú hefur aðili, félag eða einstaklingur, sem heimilisfastur er erlendis, útibú hér á landi, og er þá skylt eða heimilt að skrá útibúið eftir reglum þeim, sem getur í 5. og 6. gr.

#### 8. gr.

Þegar skuldaskilamenn eða erfingjar stjórna atvinnu til bráðabirgða með rétti til að rita firmað, sbr. 20. gr., svo og þegar ekkja, ekill eða erfingjar halda áfram atvinnu látins manns undir firmanafni hans, sbr. 21. gr., skal jafnan skrá firmað, enda þótt það hafi eigi áður verið skráningarskylt.

### III. KAFLI

#### Firnu.

#### 9. gr.

Um atvinnurekstur, sem skráningarskyldur er eða skráður samkvæmt 5.—8. gr., skal gætt ákvæða laga þessara um heiti atvinnunnar (firma).

#### 10. gr.

Enginn má hafa í firma sínu nafn annars manns án hans leyfis.

Óheimilt er aðila, án samþykkis þess, er hlut á að máli, að hafa í firma sínu nafn á fasteign, firmanafn, vörumerki eða önnur slík nöfn, sem annar aðili hefur áður öðlazzt rétt til með skráningu, notkun eða á annan hátt.

Óheimilt er að kenna atvinnu við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema með leyfi stjórnvalda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Nú er í firma orð, sem táknar eða vekur hugmynd um sérstakan atvinnurekstur, og verður þá eitthvað það að vera í heitinu eða gerð þess, er veiti því nægan sérkennileika.

Þegar firma atvinnurekstrar er sérstakt heiti, annað en nafn eiganda eða félagsmanns, skal það vera rétt að lögum íslenzkrar tungu.

Atvinnuheiti skal greina svo glöggzt hvert frá öðru, að ekki sé hætta á, að á þeim verði villzt.

#### 11. gr.

Óheimilt er aðila að greina í firma sínu aðra starfsemi en þá, sem hann rekur. Ef ákveðin starfsemi er greind í firma, má ekki halda firmanu óbreyttu, ef veruleg breyting hefur orðið á starfseminni.

12. gr.

Firma einstaks manns skal vera nafn hans eða sérstakt heiti annað en nafn eiganda eingöngu.

Í firma einstaks manns má ekki vera neitt, er gefi í skyn félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

13. gr.

Í firma hlutafélags skal vera orðið hlutafélag eða skammstöfunin h.f. (h/f). Önnur félög mega ekki hafa það orð eða skammstöfun þess í heiti sínu.

14. gr.

Í firma samvinnufélags skal vera orðið samvinnufélag eða skammstöfunin s.v.f. (sv/f). Ef samvinnufélag rekur verzlunarátvinnu, er því þó heimilt að nota orðið kaupfélag eða skammstöfunina k.f. (k/f). Önnur félög mega ekki hafa þessi orð eða skammstafanir þeirra í heiti sínu.

15. gr.

Önnur félög og stofnanir með takmarkaðri ábyrgð skulu hafa í firma atvinnu þeirrar, er þau reka, orðin „takmörkuð ábyrgð“ eða skammstöfunina t. áb. Óheimilt er félögum þessum eða stofnunum að hafa mannsnafn í firma atvinnurekstrar síns.

16. gr.

Félag með ótakmarkaðri ábyrgð allra félagsmanna skal hafa í firma sínu orð, er gefi félagsskap til kynna, nema full nöfn allra félagsmanna séu tekin upp í firmað. Ef félagið hefur sérstakt heiti, án fulls nafns nokkurs félagsmanns, skal orðið samábyrgðarfélag eða skammstöfunin s.á.f. (sá/f) vera í heiti þess. Öðrum félögum er óheimilt að hafa orð þetta eða skammstöfun þess í heiti sínu.

Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð má ekki vera nafn neins utanfélagsmanns, og ekki má neitt það vera í heitinu, er gefi í skyn takmörkun á ábyrgð félagsmanna.

17. gr.

Í firma samlagsfélags, þar sem ábyrgð eins eða fleiri félagsmanna er ótakmörkuð, en ábyrgð annarra takmörkuð við framlög þeirra, skal vera orðið samlagsfélag eða skammstöfunin s.l.f. (sl/f). Öðrum félögum er óheimilt að hafa orð þetta eða skammstöfun þess í heiti sínu.

Í firma samlagsfélags mega ekki vera nöfn annarra en þeirra félagsmanna, sem bera ótakmarkaða ábyrgð, og ekki má neitt það vera í heitinu, er gefur í skyn takmörkun á ábyrgð þeirra.

18. gr.

Ef skráningarskyldur aðili rekur útibú utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem aðalatvinnan á heimilisfang, skal firma útibúsins vera óbreytt firma aðalatvinnunnar með viðauka, er greini, að útibú sé, svo og heimilisfang þess.

19. gr.

Í firma útibús erlends aðila skal vera nafn hans og heimilisfang og þess getið, að útibú sé. Í firma útibúsins skal einnig greint, ef ábyrgð hins erlenda aðila er takmörkuð.

20. gr.

Nú hefur skuldaskilamönnum verið falið að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, og skal þá halda firmanu óbreyttu og þess getið, að skuldaskilamenn fari með stjórn atvinnunnar. Sama máli gegnir, ef erfingjar halda áfram atvinnu að eiganda látnum, meðan skiptum er ólokið.

21. gr.

Ekkja eða ekill, sem heldur áfram atvinnu látins maka síns, má halda firm-  
anu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, sem halda áfram með ótakmarkaðri ábyrgð  
atvinnu látins manns, ef hann hefur leyft það, eða allir erfingjar eru því sam-  
þykkir og hinn látni hefur ekki gert aðra ráðstöfun.

IV. KAFLI

Tilkynningar.

22. gr.

Tilkynningarskylda samkvæmt lögum þessum hvílir á eiganda firma einstaks  
manns, á stjórn félags eða stofnunar, er getur í 13.—15. gr., á öllum félagsmönnum,  
er ótakmarkaða ábyrgð bera í félögum, er getur í 16. og 17. gr., á stjórnanda úti-  
bús erlends aðila, sbr. 19. gr., á skuldaskilamönnum og erfingjum, er halda áfram  
atvinnurekstri til bráðabirgða, sbr. 20. gr., á ekkju, ekkli eða erfingjum, sem halda  
áfram atvinnu látins manns með óbreyttu firmanafni hans, sbr. 21. gr., á dánar-  
búi, þegar atvinna hættir vegna láts eiganda, á skiptaráðanda um upphaf og lok  
gjaldprotaskipta og dómstóli eða stjórnvaldi, þegar atvinnu er slitið með dómi í  
opinberu máli eða ráðstöfun stjórnvalds.

23. gr.

Tilkynningar á skrár samkvæmt 1. málsg. 2. gr. skulu vera skriflegar og  
undirritaðar af öllum þeim, sem skylt er að tilkynna firmað. Ef tilkynnendur koma  
ekki sjálfir til skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskriftir þeirra.

Tilkynningu skulu fylgja gjöld samkvæmt aukatekjulögum fyrir skráningu  
og auglýsingu.

24. gr.

Þegar atvinnurekstur er skráningarskyldur, skal tilkynna hann til skráningar-  
stjóra, eins og í 25.—30. gr. segir, áður en starfsemin hefst.

25. gr.

Þegar firma eins manns er tilkynnt, skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn hans og heimili.
2. Tegund atvinnunnar.
3. Heimilisfang atvinnunnar.
4. Hvernig nafnritun er hagað.

26. gr.

Tilkynningar um hlutafélög og samvinnufélög fara eftir ákvæðum laga um  
félög þessi.

Tilkynning um atvinnurekstur annarra félaga eða stofnana með takmarkaðri  
ábyrgð, sbr. 15. gr., skal greina:

1. Heiti og heimilisfang félags eða stofnunar.
2. Firma atvinnunnar, ef það er annað en í 1. tölul. getur.
3. Tegund atvinnu.
4. Með hverjum hætti ábyrgð félagsmanna er takmörkuð.
5. Fullt nafn og heimilisfang stjórnenda og framkvæmdarstjóra eða annarra  
samsvarandi fyrirsvarsmanna.
6. Hverjir hafa heimild til að rita firmað samkvæmt samþykktum eða skipulags-  
skrá og hvernig nafnritun er hagað.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félags eða skipulagsskrá stofnunar.

#### 27. gr.

Tilkynningu um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang allra félagsmanna.
2. Tegund atvinnunnar.
3. Heimilisfang atvinnunnar.
4. Hverjir hafi heimild til að rita firmað, svo og hvernig nafnritun er hagað.

#### 28. gr.

Tilkynning um samlagsfélag skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang allra félagsmanna, er ótakmarkaða ábyrgð bera.
2. Fullt nafn og heimilisfang allra samlagsmanna og hverri fjárhæð framlög hvers þeirra nema, hvort þau séu greidd að fullu, en sé svo ekki, hvenær þau eigi að greiða.
3. Tegund atvinnunnar.
4. Heimilisfang atvinnunnar.
5. Hverjir hafi heimild til að rita firmað og hvernig nafnritun er hagað. Samlagsmaður getur aðeins ritað firmað samkvæmt prókúruumboði.

Tilkynningu skal fylgja yfirlýsing samlagsmanna um, að tilkynning sé gerð með samþykki þeirra. Ef þeir koma ekki sjálfir til skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskriftir þeirra.

#### 29. gr.

Tilkynning um útibú innlands aðila, sbr. 18. gr., skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang útibússtjóra.
2. Hvernig nafnritun er hagað.

#### 30. gr.

Tilkynning um útibú erlends aðila skal greina auk firmans:

1. Tegund atvinnu útibúsins.
2. Fullt nafn og heimilisfang útibússtjóra.
3. Hvernig nafnritun er hagað.  
Tilkynningu skal fylgja:
  - a. Embættisvottorð um, að atvinnurekstri hins erlenda aðila sé löglega háttað í heimalandi hans.
  - b. Staðfest yfirlýsing hins erlenda aðila um, að hann hliti því, að lögskipti hans hér lúti íslenskum lögum og lögsögu.
  - c. Staðfest starfsumboð til handa útibússtjóra og öðrum, er skuldbinda útibúið.
  - d. Yfirlýsing rétttra íslenskra stjórnvalda um, að útibúinu sé heimill hér á landi atvinnurekstur sá, sem tilkynntur er.

Um tilkynningu útibús erlends hlutafélags fer eftir lögum um hlutafélög.

#### 31. gr.

Þegar breytingar verða á því, sem ritað er í hlutafélagaskrá eða samvinnufélagaskrá, fer um tilkynningu eftir því, sem segir í lögum um félög þessi.

Nú verður breyting á því, sem ritað er í firmaskrá, og skal þá tilkynna það svo fljótt sem unnt er á sama hátt og segir um firmatilkynningar.

Ef breyting verður á samþykktum félags eða skipulagsskrá stofnunar, er getur í 2. málsgr. 26. gr., skal tilkynna dagsetningu breytingar og láta fylgja endurrit hennar.

#### 32. gr.

Tilkynna skal slit hlutafélaga og samvinnufélaga með þeim hætti, er segir í lögum um félög þessi.

Nú hættir annar skráður atvinnurekstur, og skal þá tilkynna það þegar í stað.

**33. gr.**

Þegar firma er tilkynnt, skulu þeir, er rétt hafa til að skuldbinda atvinnuna, sýna með eigin hendi, hvernig þeir rita firmað. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefur tilkynnt verið.

**34. gr.**

Nú er atvinna tilkynnt, sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að reka, og skal þá fylgja tilkynningu vottorð réttis stjórnvalds um, að aðili hafi fengið slíkt leyfi eða viðurkenningu.

**35. gr.**

Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm eða eitthvað er í henni, sem ekki er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal skráningarstjóri synja skráningar. Birta skal skráningarstjóri þegar í stað þeim, sem hlut á að máli, synjun sína ásamt rökstuðningi. Heimilt er aðila að leita úrlausnar dómstóla um synjunina.

**36. gr.**

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu, og getur hann þá borið málið undir dómstóla.

**37. gr.**

Nú hefur skráningarstjóri ástæðu til að ætla, að skráðum atvinnurekstri sé ekki lengur haldið uppi, án þess að tilkynnt hafi verið, og skal hann þá, ef aðgerðum samkvæmt 46. gr. verður ekki beitt, senda fyrirspurn um þetta efni í ábyrgðarbréfi til skráðs eiganda eða skráðra stjórnenda atvinnunnar. Ef bréfi er ekki svarað innan sennilegs tíma, skal skráningarstjóri birta í Lögbirtingablaði áskorun til fyrirsvarsmanna atvinnunnar um að sanna fyrir honum innan 4 mánaða, að atvinnurekstri sé enn haldið uppi. Nú hefur slík sönnun ekki komið fram að fresti loknum, og skal þá afmá firmað af skrá.

## **V. KAFLI**

### **Prókúra.**

**38. gr.**

Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefur gefið umboð, sem berum orðum er nefnt prókúra, hefur umboðsmaðurinn heimild til að annast fyrir umbjóðanda allt það, er varðar rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó getur prókúruhafi eigi selt né veðsett fasteignir og skip umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess sérstakt umboð.

**39. gr.**

Prókúru má veita fleiri mönnum en einum, þannig að þeir geti aðeins notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

**40. gr.**

Nú er prókúra bundin við ákveðinn tíma eða takmörkuð á annan hátt, og er sú takmörkun þá eigi gild gagnvart öðrum en þeim, sem um hana vita.

**41. gr.**

Þegar prókúruhafi ritar firma, skal hann bæta við það orðunum per prókúra eða greinilegri skammstöfun þeirra orða og auk þess rita nafn sitt. Ef um sameiginlega prókúru er að ræða, skal þess gætt, sem ákveðið var um tölu undirskrifa, þegar prókúran var gefin.

42. gr.

Prókúruhafi getur eigi framselt öðrum prókúru sína.

43. gr.

Prókúru má kalla aftur hvenær sem er. Prókúra fellur eigi úr gildi við lát umbjóðanda.

44. gr.

Þegar prókúra er veitt fyrir skráð firma og hún er eigi takmörkuð frekar en í 38. og 39. gr. segir, skal tilkynna hana og geta hennar á skrá samkvæmt 2. gr. Eigi má skrá prókúru, sem er öðrum takmörkunum háð.

Nú er prókúra tilkynnt, og skal þá um nafnritun prókúruhafa fara eftir ákvæðum 33. gr. Ef prókúruhafi ritar ekki nafn sitt í viðurvist skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskrift hans.

45. gr.

Tilkynna skal skráningarstjóra án tafar breytingu eða afturköllun á skráðri prókúru og geta þess á skrá samkvæmt 2. gr.

## VI. KAFLI

### Refsiákvæði o. fl.

46. gr.

Nú brýtur skráningarskyldur eða skráður aðili gegn ákvæðum 10.—21. gr. eða vanrækir tilkynningar samkvæmt lögum þessum, og getur ráðherra þá, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, boðið hverjum þeim, er tilkynningarskylda hvílir á samkvæmt 22. gr., að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmati ráðherraúrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

47. gr.

Sá, sem brýtur ákvæði 10.—21. gr. eða vanrækir tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum.

Ef fyrirvarsmanni félags hefur verið dæmd sekt vegna brots samkvæmt 1. málsgr., ber félagið ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sekt því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

Nú hefur fyrirvarsmáður félags gerzt sekur um vanrækslu samkvæmt 1. málsgr., og má þá dæma félaginu fjársekt, hvort sem einstaklingi er dæmd refsing eða ekki.

## VII. KAFLI

### Skráningargjöld. Gildistaka.

48. gr.

Atvinnufyrirtæki, sem skráningarskyld eru eða skráð samkvæmt lögum þessum, skulu hvert um sig greiða árlega gjald til ríkissjóðs, 100—300 krónur, eftir nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð. Gjald þetta greiðist skráningarstjóra 15. janúar ár hvert fyrir næsta ár á undan í fyrsta sinn 15. janúar 1955.

Gefa skal árlega út skrá um skrásett atvinnufyrirtæki, flokkuð eftir atvinnu. Skal eitt eintak sent hverjum aðila, sem skrásettur er, um leið og árgjald er greitt til ríkissjóðs. Skal í skránni greina stofnár hvers fyrirtækis, upphæð hlutafjár og nöfn stjórnenda.

**49. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

Ákvæði laganna taka og til atvinnufyrirtækja, sem áður hafa verið skráð, með þeim undantekningum, sem getur í 50. gr.

**50. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr., skulu þeir, sem fengið hafa firma skráð, áður en lög þessi taka gildi, halda þeim rétti til firmans, sem þeir kunna að hafa öðlzt samkvæmt lögum þeim, er áður giltu. Ákvæði III. kafla gilda að öðru leyti um eldri firmu, og ber að breyta firma að því leyti, sem það er ekki í samræmi við þau ákvæði.

Ákvæði 1. málsg. taka og til firma, sem við gildistöku laga þessara eru lögleg samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. laga nr. 42/1903.

**51. gr.**

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 42. 13. nóv. 1903, um verzlana-skrár, firmu og prókúruumboð, lög nr. 14 6. júlí 1931, um breyting á þeim lögum, svo og 10. gr. og 2. málsg. 12. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.